

Alþingi
Erindi nr. Þ 132/1205
komudagur 8.3.2006

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 6. mars 2006.

Efni: 463. mál, grafiskir hönnuðir.

Félag Grafiskra hönnuða (FGT) styður heilshugar framkomna tillögu og væntir þess að hún verði samþykkt.

Virðingarfyllt f. h. FGT



Sæmundur Arnason



Alþingi
Erindi nr. Þ 132/1050
komudagur. 24.2.2006

Alþingi
Ingvar Þór Sigurðsson
nefndarritari
v/Austurvöll
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 22. febrúar 2006
Tilvísun: HI06020067/004

Til iðnaðarnefndar Alþingis:

Nefndin hefur sent Háskóla Íslands frumvarp til laga um löggildingu starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum, mál nr. 463.

Háskóli Íslands tekur ekki sérstaklega afstöðu til frumvarpsins, en leyfir sér að benda á mikilvægi þess að samræmi ríki í því hvernig starfsréttindi (löggilt starfsheiti) tengjast prófgráðum á háskólastigi.

Virðingarfyllst

Kristín Ingólfssdóttir
rektor

Iðnaðarnefnd Alþingis
Alþingi
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 132/1319
komudagur 14.3.2006

SÍMI/TEL: +354 552 4000
FAX: +354 562 3629
netfang/e-mail: lhi@lhi.is

Reykjavík 8. mars 2006

Erindi: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 8/1996, um löggildingu nokkura starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargeiranum, með síðari breytingum, 463. mál

Listaháskólinn hefur fengið til umsagnar frumvarp til breytinga á lögum nr. 8/1996, um löggildingu starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargeiranum. Skólinn styður þann aðaltilgang lagasetningarinnar að löggilda starfsheiti grafískra hönnuða, en telur að þurfi að gera breytingu á sjálfum texta tillögunnar.

Tillaga skólans er að seinni hluti 1. m.gr. 2.gr. falli út frá orðunum "svo og lokaprófi í grafískri hönnun" Frumvarpsgreinin hljóði þá þannig: "Við 2. gr. laganna bætist nýr málslíður sem orðast svo: Þeir sem lokið hafa BA-prófi eða meistaraprófi í grafískri hönnun frá viðurkenndum íslenskum háskóla."

Þessi breyting felur í sér að felld er út úr frumvarpinu sértæk undanþága fyrir þá einstaklinga, sem hafa lokapróf frá tveimur nafngreindum sérskólum, frá því almenna skilyrði, að aðeins þeir sem lokið hafa bakkalárprófi eða meistaraprófi frá viðurkenndum íslenskum háskóla geti borið starfsheitið grafískur hönnuður án þess að fyrir liggja staðfesting eða sérstakt leyfi frá ráðherra (sbr. 2. og 3. gr. laganna).

Ýmis rök liggja fyrir tillögu skólans:

- lög sem þessi eiga að vera almenn, og ekki fela í sér hæfismat eða viðurkenningu á einstökum nafngreindum skólum;
- til samræmis: hvergi er annars staðar í lögum þessum kveðið á um að lokapróf frá nafngreindum skólastofnunum gefi heimild til undanþágu frá því ákvæði laganna að sækja skuli um leyfi til ráðherra um að nota þau mismunandi starfsheiti sem lögin ná til;
- samræmi þarf að vera á milli skilyrða um löggildingu starfsheita og þeirra skilyrða sem gerð eru til gæði menntunar í lögum um háskóla, sbr. fyrirbyggjandi frumvarp menntamálaráðherra til laga um háskóla (433. mál);
- hvorugur þeirra skóla sem vísað er til í frumvarpstíllögunni er (eða hefur verið) háskóli;

- hvorugur þeirra skóla sem vísað er til í frumvarpstíllögumni gætu (eða hefðu getað) uppfyllt þau skilyrði sem gerð eru til viðurkennds háskólanáms á Íslandi;

Þá vill Listaháskólinn benda á ónákvæmni í greinargerð með frumvarpinu um stöðu þeirra skóla sem undanþáguákvæði frumvarpstextans tekur sérstaklega til:

- Nám við Myndlista og handíðaskóla Íslands (lagður niður 1999) hafði á sínum tíma staðfestingu íslenskra menntamálayfirvalda um að það væri sambærilegt við nám á fyrsta háskólastigi (bakkalár); sú staðfesting felur hins vegar ekki í sér viðurkenningu á því að námið þar hafi verið sambærilegt við það nám sem nú er boðið upp á í Listaháskóla Íslands;
- Listaháskólinn tekur þátt í í viðtæku erlendu samstarfi og er aðili að öllum helstu samtökum og samstarfsnetum álfunnar á sviði hönnunar og listmenntunar almennt;* Myndlistaskólinn á Akureyri er ekki viðurkenndur með stöðu listaháskóla í þessu samstarfi; fullyrðing þar um í greinargerð frumvarpsins stenst því ekki og hefur enga stöð;
- Fullyrðing um að prófskírteini Myndlistaskólans á Akureyri séu "víða metin til jafns við BA/BFA gráðu" er órökstudd og hæpin; nám við þann skóla er ekki metið til eininga í námi til bakkalár gráðu við Listaháskóla Íslands;

Í lokin vill Listaháskólinn benda á að Ísland er aðili að Bologna-yfirlýsingunni frá 1999 sem felur í sér stofnun svokallaðs "Evrópsks svæðis æðri menntunar" fyrir árið 2010. Meginmarkmiðið er að tryggja gæði og skýrleika í háskólamenntun í þeim löndum sem eiga aðild að yfirlýsingunni. Þessu fylgja ákveðnar skuldbindingar varðandi skipulag háskólamenntunar, viðurkenningu hennar, aðgengi að upplýsingum og gæðatryggingu. Íslenskir háskólar vinna nú skipulega að því að uppfylla ákvæði yfirlýsingarinnar, og vinna nú í samvinnu við menntamálaráðuneytið að gerð sérstakra viðmiða um æðri menntun og prófgráður sem háskólar verða að geta uppfyllt til að fá opinbera viðurkenningu. Listaháskólinn telur afar mikilvægt að allar ákvarðanir um löggildingu starfsheita verði teknar með hliðsjón af þeim kröfum til menntunar sem þessi viðmið munu setja.


Hjálmar H. Ragnarsson
rektor

*Cumulus: Fagleg samtök Evrópskra hönnunarskóla - European Association of Universities and Colleges of Art, Design and Media;

Cirrus: Samtök 20 hönnunar - og arkitektaskóla á Norðurlöndum og Eystrasalti sem byggir á kennara og nemendaskiptum og faglegum samskiptum;

EAAE: European Association of Architectural Education - Samtök Evrópskra arkitektaskóla;

NordArk: Samtök 12 arkitektaskóla á Norðurlöndum;

Kuno: Samtök 14 myndlistarháskóla á Norðurlöndunum um námskeiðahald, nemenda og kennaraskipti, og aðra faglega samvinnu innan Nordplus áætlunarinnar;

Erasmus/Socrates: Menntaáætlun Evrópusambandsins;

Nordplus: Menntaáætlun Norðurlandaráðs;

ELIA: Samstarfsnet evrópskra listaháskóla (European League of the Institutes of the Arts);

Alþingi
Erindi nr. P 132/1242
komudagur 9.3.2006



Nefndasvið Alþingis
lónaðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

7.mars 2006

Efni: Umsögn SVP um frumvarp til laga um löggildingu starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum, 463.mál, grafískir hönnuðir.

SVP- Samtök verslunar og þjónustu hafa yfirfarið frumvarpið og gera ekki athugasemdir við það. Menntun er forsenda framfara og löggilding starfsheitis kann í þessu tilfalli að vera nauðsynleg vegna samkeppni og starfsskilyrða. Það er hins vegar mikilvægt að þeir sem hafa minni menntun á viðkomandi sviði en þá sem veitir umrædda löggildingu, geti átt þess kost að fá nám sitt metið og að þeim sé opnuð leið til framhaldsnáms sem leiðir til löggildingar.

Virðingarfyllt

Sigurður Jónsson framkvæmdastjóri

Alþingi
Erindi nr. P 132/1206
komudagur 8.3.2006



talsmaður neytenda

Alþingi - nefndasvið
B.t. ritara iðnaðarnefndar
Alþingi
150 Reykjavík

Embætti talsmanns neytenda
Forbrugertalsmanden
The Consumer Spokesman

tn@tn.is www.tn.is

Höfðaborg
Borgartúni 21, 2. hæð
IS-105 Reykjavík
Sími 510 1100, fax 510 1101

Reykjavík, 06.03.2006
Tilv. 2005/0037 - 2.0
GT

Efni: Umsögn talsmanns neytenda um 463. mál, frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 8/1996 um löggildingu nokkurra starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum með síðari breytingum, grafískir hönnuðir (132. löggjafarþing)

Vísað er til bréfs yðar, dags. 16. febrúar sl., um ofangreint þingmál.

Meðal hlutverka embættis talsmanns neytenda er skv. d-lið 2. mgr. 6. gr. laga nr. 62/2005 að setja fram úrbótatillögur um reglur „er varða neytendur sérstaklega“. Með hliðsjón af þeim lagaramma og þeim sjónarmiðum sem ég miða við til forgangsroðunar takmarka ég umsögn mína við hagsmuni og réttindi neytenda.

Tel ég ekki ástæðu til þess að gera athugasemdir við að grafískum hönnuðum verði bætt við þær 10 starfsstéttir sem þegar njóta lögverndar samkvæmt 2. og 3. gr. laga nr. 8/1996 um löggildingu nokkurra starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum með síðari breytingum.

Vísað er til neytendasjónarmiða í athugasemdum í greinargerð með frumvarpinu. Í því sambandi vil ég vekja athygli á að lögin veita þeim, sem njóta löggildingar starfsheitis síns, ekki aðeins mikilvæg réttindi sem studd eru viðurlögum samkvæmt 8. gr. laganna; lögverndun sú sem lögin kveða á um er til þess fallin að gefa neytendum og öðrum viðskiptamönnum umræddra sérfræðinga væntingar um fagleg vinnubrögð og áreiðanlega viðskiptahætti. Algengt er að fagstéttir sem njóta löggildingar setji sér siðareglur og starfræki siðanefndir eða annað eftirlit með faglegum vinnubrögðum.

Tel ég af þeim sökum eðlilegt að lög um löggildingu nokkurra starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum kveði á um að fagfélögum þeirra, sem njóta löggildingar starfsheitis, sé skylt að setja stéttinni siðareglur og að

talsmaður neytenda

- stendur vörð um hagsmuni og réttindi neytenda
- stuðlar að aukinni neytendavernd
- gefur út rökstuddar álitsergerðir
- gerir tillögur um úrbætur
- kynnir reglur um neytendamál
- leiðbeinir um meðferð ágreiningsmála
- bregst við brotum gegn réttindum og hagsmunum neytenda
- er óháður fyrir mælum frá öðrum

þeim fylgi úrræði til þess að fylgja eftir brotum gegn þeim. Í 2. mgr. 3. gr. gildandi laga, nr. 8/1996, er þegar gert ráð fyrir tilvist slíkra félaga og snertir tillagan því ekki félagafrelsi skv. 74. gr. stjórnarskrárinnar (stjskr.).

Reglur um lögverndun takmarka það atvinnufrelsi sem annars ríkir í landinu skv. 1. mgr. 75. gr. stjskr. og geta um leið dregið úr frjálsri samkeppni um þau verk sem þessar starfsstéttir sinna. Tel ég lagaákvæði um siðareglur og úrræði til þess að fylgja þeim eftir eðlilega kröfu almannavaldsins í skiptum fyrir þau réttindi sem lögin veita enda er slík kvöð ekki íþyngjandi. Er slíkt, sem sagt, í samræmi við hefðir innan margra þeirra eldri starfsstétta sem þegar njóta réttar samkvæmt lögnum svo og innan heilbrigðisstétta og annarra sem njóta einkaréttar til tiltekinnar starfsemi eða lögverndunar starfsheitis. Er í sumum tilvikum þegar kveðið á um sambærileg úrræði í lögum, sbr. t.a.m. lög nr. 77/1998 um lögmennt þó að þar sé um meiri formlegar kvaðir að ræða.


Í samræmi við framangreint legg ég til að við 3. gr. laga um löggildingu nokkurra starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum bætist ný málsgrein, sem yrði 3. mgr., svohljóðandi:

„Fagfélög þeirra starfsgreina sem lög þessi taka til skulu setja sér siðareglur er taki til allra þeirra í hlutaðeigandi starfsgrein sem njóta löggildingar starfsheitis samkvæmt þeim. Skal í siðareglunum kveðið á um úrræði til þess að fylgja siðareglunum eftir.“

Vil ég geta þess að nú færast í vöxt að gerðar séu kröfur um að viðskiptalífið sinni sjálfsvöktun að einhverju leyti en ég tel eðlilegt að slík sjálfsvöktun sé gerð í samstarfi eða samráði við fulltrúa almannavaldsins.

Virkar siðareglur eru til þess fallnar að veita neytendum vernd – bæði eftir að út af er brugðið og með fyrirbyggjandi hætti. Sama á við um aðra viðskiptamenn auk þess sem siðareglur geta eflt orðstír starfsstétta og styrkt samkeppnisstöðu þeirra gagnvart öðrum en ég fjalla ekki nánar um þann þátt málsins þar eð það snertir ekki neytendur beint.

Virðingarfyllst,
talsmaður neytenda,



Gísli Tryggvason.